



Ávarp frá forseta Íslands

Fornar sögur geyma frásagnir af knáum köppum sem köstuðu, hlupu, stukku umfram aðra menn; nöfnin samofin menningu og sjálfsvitund Íslendinga; arfur sem um aldir gaf þjóðinni aukinn kraft.

Þegar Ísland öðlaðist jafnrétti á við önnur ríki og hóf keppni á alþjóðamótum fengu íþróttirnar nýjan sess. Þjálfunin á heimavelli varð grundvöllur sigra sem fylltu landsmenn stolti; verðlaun á Ólympíuleikum efniviður í þjóðhátíð.

Í hálfra öld höfum við árlega hyllt afreksfólk með nafnbótinni Íþróttamaður ársins og letrað nöfnin á glæstan bikar. Fjölbreytt sveit hefur hlotið þennan heiður og er það vitnisburður um fjölskrúðugt íþróttalíf, einstæða sigra í ólíkum greinum.

Saga þessa afreksfólks er frásögn um þjálfun og þroska, einbeitni og úthald, vonbrigði og sigurstundir, en líka þjóðarsaga, aldarspegill sem sýnir hvernig þjóðlíf og menning hafa tekið stakkaskiptum, Ísland smátt og smátt orðið öflugur þátttakandi í alþjóðahreyfingu íþróttanna.

Bókin um íþróttamenn ársins er merkileg heimild um þessa tíma og Samtök íþróttafréttamanna eiga þakkir skildar fyrir útgáfuna, hve ötullega þau hafa í tímans rás gert valið að viðburði sem öll þjóðin fylgist með af áhuga.

Fjölmiðlarnir hafa í æ ríkara mæli tengt íþróttir við menningu og daglegt líf Íslendinga og fréttamenn og afreksfólkið hafa nú tekið höndum saman um að færa okkur þessa merku bók í hendur.

(sign)